

Tillaga	A 1945/UKK
Flytjandi:	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

A 1945/UKK Þingmannatillaga um að efla og auka samstarf um rannsóknir og færni á sviði kjarnorkustarfsemi og óvirkjun kjarnorkuvera

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

at að koma á norrænum samstarfsvettvangi til að skapa ný og betri tækifæri til að tryggja:

- 1) Nægilega menntun í norrænu atvinnulífi fyrir kjarnorkugeirann
- 2) Að norræn færni verði samræmd og nýtt betur norrænu löndunum til góða
- 3) Að norrænar auðlindir verði útflutningshæfar, samræmdar og efldar til að Norðurlönd hafi áfram forystu í færniþróun í kjarnorkustarfsemi.

Bakgrunnsupplýsingar

Háskólinn í Ósló (UiO), norska orkutæknistofnunin (IFE) og norski umhverfis- og lífvísindaháskólinn (NMBU) hafa í samstarfi við margar aðrar stofnanir sent norska vísindaráðinu beiðni um að koma á fót „Miðstöð um kjarnorkurannsóknir“. Tilgangurinn er að efla vísindapekkingu í Noregi á sviði kjarnorku með því að fjarfesta til langs tíma í rannsóknum á kjarneðlisfræði og kjarnefnafræði.

Færniþróun á sviði kjarnorku snýst um meira en orkuframleiðslu með kjarnorkuverum og óvirkjun þeirra. Þekking á kjarnorku er mikilvæg í lyfjarannsóknum, viðbúnaðarmálum, efnagreiningu og greiningartækni.

Hvers vegna er þörf á norrænni miðstöð um færni í kjarnorkustarfsemi?

1. Mikilvægt er fyrir öll Norðurlöndin að viðhalda nægilegum fjölda starfsmanna bæði í skrifstofu- og verksmiðjustörfum. Mikil eftirspurn er eftir færni á sviði kjarnorku og nauðsynlegt er að þróa færni bæði fyrir óvirkjun kjarnorkuvera og á sviði umskipta í loftlagsmálum.



2. Samlegðaráhrif eru nú þegar mikil á sviði kjarnorkuþekkingar á Norðurlöndum en um leið geta löndin stutt hvert annað með tilliti til innviða, þekkingar og tækni. Norrænt samstarf mun tryggja að öll löndin njóti góðs af ávinningi.
3. Norrænt samstarf með áherslu á færniþróun á sviði kjarnorku mun styrkja okkur gagnkvæmt og skapa ný tækifæri með sameiginlegum ávinningi.
4. Í sameiningu búa Norðurlöndin yfir öflugum innviðum að því er varðar færniþróun á sviði kjarnorku sem hefur mikið útflutningsgildi fyrir önnur Evrópulönd og á heimsvísu. Ef þessir innviðir eru sameinaðir aukast tækifæri norrænu landanna til að taka forystu í færniþróun á sviði kjarnorku.
5. Áætlanir sem snerta ýmsa þætti kjarnorkufærniþróunar eru nú þegar til staðar á Norðurlöndum. Það sem skortir er heildaráætlun sem nær yfir alla þættina (háskólamenntun, verklegt nám og sérhæfða þjálfun). Hún er mikilvæg til að tryggja nægilega mönnun á þessu sviði.

Stokkhólmi, 23. janúar 2023

Anna Vikström (S)
Annette Lind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Doris J. Jensen (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Lindh (S)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Viljanen (sd)
Heléne Björklund (S)
Henrik Møller (S)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)
Lars Mejern Larsson (S)
Maria Durhuus (S)
Mats Wiking (S)
Mirja Räihä (sd)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per-Arne Håkansson (S)
Ragnhild Male Hartviksen (A)
Sara Emil Baaring (S)
Stein Erik Lauvås (A)
Tove Elise Madland (A)
Truls Vasvik (A)